

Selfossi, 13. desember 2022



Litlu jólin í Stekkjaskóla 20. desember 2022

Kæru forráðamenn nemenda í 1. - 5. bekk

19. desember ætlum við að gera okkur glaðan dag og fara í ferðalag með nemendur okkar.

1. og 2. bekkur fara saman í ævintýraskóg og 3. - 5. bekkur fara saman á skauta. Báðir hóparnir fara með rútu og í viðhengi má sjá félagsfærnisögu sem er gott að fara yfir með krökkunum heima, sérstaklega yngri börnunum. Það er mjög mikilvægt að börnin komi klædd eftir veðri því nemendur í 1. - og 2. bekk verða úti allan tímann og það er svalt í skautahöllinni. Við leggjum af stað snemma um morguninn og allir þurfa að vera komnir kl. 8:10. Börnin þurfa að koma með gott nesti og fernudrykk eða drykk í brúsa. Við komum heim í hádegismat og nemendur klára daginn með kennurum sínum í rólegheitum.

20. desember næstkomandi er síðasti dagurinn okkar fyrir jólafrí. Þetta er svokallaður skertur dagur, en á móti er frístund með opið fyrir lengda viðveru þennan dag fyrir börn sem eru skráð á frístund. Sunna hefur nú þegar sent skráningu fyrir þennan dag á foreldra og er skráningu lokið.

Litlu jólin hefjast kl. 8:40 og standa yfir til kl. 10:15 u.þ.b. Börnin mæta í sína heimastofu eins og venjulega en í þetta sinn kl. 8:40. Við höldum notaleg stofujól, hver hópur fer einnig inn í matsal á jólakaffihús. Börnin fá heimabakaðar smákökur sem nemendur í 5. bekk hafa bakað og skólinn býður þeim upp á heitt súkkulaði með rjóma. Börnin þurfa ekki að hafa neitt með sér þennan dag, bara góða skapið og vera klædd í tilefni dagsins.



Með kærri jólakveðju,

Starfsfólk Stekkjaskóla

